

## D Ó M U R

# Héraðsdóms Norðurlands eystra mánudaginn 18. júní 2007 í máli

nr. S-89/2007:

### Ákærvaldið

*(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)*

### gegn

### X

*(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. maí sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 2. apríl 2007, á hendur X, kt. 000000-0000, [...],

„fyrir eftirtalin kynferðisbrot:

1. Með því að hafa í febrúarmánuði 2006, að [...], tvisvar sinnum sett getnaðarlim sinn í munn systursonar síns A, þá þriggja ára, og látið drenginn nudda á sér getnaðarliminn.
2. Með því að hafa á vormánuðum 2006, á ofangreindu heimili sínu, látið systurson sinn B, þá á öðru ári, snerta á sér getnaðarliminn.
3. Með því að hafa um mitt ár 2006, að [...], sett getnaðarlim sinn í munn systursonar síns C, þá þriggja ára, og látið drenginn nudda á sér getnaðarliminn.

Teljast brot ákærða samkvæmt 1. og 3. tölulið varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 4. gr. laga nr. 40/2003, en brot ákærða samkvæmt 2. tölulið við 2. mgr. sama ákvæðis.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

### Bótakröfur:

Af hálfu A, kt. 000000-0000 er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. janúar 2007, til þess dags er

mánuður er liðinn frá því að ákærða er kynnt bótakrafan en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Af hálfu C, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. janúar 2007, til þess dags er mánuður er liðinn frá því að ákærða er kynnt bótakrafan en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu af 1. og 2. ákærulið en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst vægustu refsingar sem lög leyfa vegna ákæruliðar 3. Hann gerir kröfu um að bótakröfunum í málinu verði vísað frá, til vara krefst hann sýknu af þeim og til þrautavara að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Auk bótakrafna er fram koma í ákæru krefst réttargæslumaður hæfilegra réttargæslulauna að mati dómsins.

## I.

Samkvæmt rannsóknargögnum bárust lögreglunni á Akureyri tvær beiðnir Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar, dags. 10. janúar 2007, um rannsókn á meintum kynferðisbrotum ákærða gagnvart drengjunum A, B og C. Þann 23. janúar s.á. yfirheyrði lögregla meður drengjanna og móður ákærða þann 24. s.m. Ákærði var yfirheyrður af lögreglu sama dag og 21. febrúar að viðstöddum verjanda.

Þann 31. janúar 2007 var skýrsla tekin af drengjunum C og A á dómþingi sem háð var í Barnahúsi. Aðstoðaði Vigdís Erlendsdóttir, forstöðumaður Barnahúss, dómara við yfirheyrsluna. Eru myndbandsupptökur, hljóðupptökur og endurrit af skýrslunum meðal gagna málsins. Við aðalmeðferð málsins voru upptökur þessar sýndar og spilaðar.

## II.

Hér fyrir dómnum er ákærði fyrst spurður um 1. ákærulið. Hann kveðst hafa verið að passa drengina A og B. Móðir þeirra hafi líklega verið að fara á Al-Anon fund. Hann hafi verið að háttá A og farið með hann inn á baðherbergi. Þar hafi hann sett getnaðarlim sinn í munn drengsins og látið hann nudda á sér getnaðarliminn. Þetta hafi hann gerst tvívegis og gengið eins fyrir sig í bæði skiptin. Aðspurður kveðst ákærði ekki alveg viss um hvenær þetta hafi verið. Þetta hafi verið um vetur en hann muni ekki hvort hann var í jólafríi eða ekki. Hann kveðst ekki muna hvort þetta var fyrir eða eftir þriggja ára afmæli drengsins. Aðspurður um framburð ákærða fyrir lögreglu um að þetta hafi gerst í febrúar 2006 kveðst ákærði telja að hann hafi sagt að þetta hefði líklega gerst í janúar eða febrúar. Ákærði kveður þetta geta hafa gerst fyrir 15 ára afmæli sitt.

Um ákærulið 2 segir ákærði að hann hafi verið í herbergi sínu. B hafi verið að leika sér í rúminu hans og hafi gripið í getnaðarlim ákærða. Móðir ákærða hafi komið inn en þá hafi drengurinn ekki haldið í getnaðarlim hans. Ákærði kveðst hafa verið að skipta um buxur og drengurinn hafi gripið í getnaðarlim hans. Aðspurður kveður ákærði sér hafa risið hold þegar þetta gerðist. Ákærði kveður þetta hafa gerst á vormánuðum 2005 og segir svo að þetta hafi verið fyrir áramótin 2005-2006. Þetta hafi gerst á undan atvikum sem lýst er í ákærulið 1.

Varðandi ákærulið 3 segir ákærði atvik hafa verið eins og í 1. tölulið ákærunnar og vísar til framburðar síns um þann lið. Hann kveður drenginn hafa verið orðinn þriggja ára þegar þetta gerðist og kveðst telja tímasetningu í ákæru rétta.

Aðspurður kveðst ákærði hafa leitað aðstoðar sálfræðings eftir að málið kom upp. Þar sé reynt að komast að því af hverju hann gerði þetta og fleira í sambandi við þessa hegðun. Ákærði kveðst ekki fyllilega hafa gert sér grein fyrir hve alvarlegt hátterni hans var og hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir drengina.

Vitnið D er móðir drengjanna A og B. Hún kveðst hafa verið að fara í bíó með manninum sínum, líklega 5. janúar sl., og ákærði hafi átt að passa. A hafi sagt að hann vildi ekki vera hjá ákærða því hann vildi ekki að hann setti typpið í munninn á honum. Kveðst vitnið hafa rætt við ákærða sem hafi sagt þetta misskilning. Vitnið kveðst þá hafa rætt þetta við móður sína og þær svo rætt við ákærða. Hann hafi enn neitað þessu en játað þetta fyrir móður sinni daginn eftir. Vitnið kveðst enga hugmynd hafa um hvenær þetta geti hafa gerst, ákærði hafi oft passað fyrir hana. Aðspurt kveður vitnið A ekki bera skyn á hvort hlutir hafi gerst fyrir mánuði eða ári síðan en kveður hann muna aftur í tímann. Vitnið ber að þegar hún hafi skýrt móður sinni frá grun sínum umrætt kvöld hafi hún sagst hafa orðið vitni að einhverju grunsamlegu um sumarið með B. Hún hafi sent ákærða til sálfræðings í kjölfarið en ekki vilja hræða vitnið að ástæðulausu. Hún hafi verið þess fullviss að þetta hafi ekki verið alvarlegt. Vitnið kveðst telja að móðir hennar hafi sent ákærða til sálfræðings í beinu framhaldi af atvikinu. Þær hafi rætt þetta í janúar 2007 og móðir hennar hafi talað um að þetta hefði gerst sumarið áður. Aðspurt kveður vitnið Al-Anon fundi haldna vikulega og hún hafi sótt þá í um tvö ár. Aðspurt kveður vitnið manninn sinn hafa skýrt sér frá því að þegar hann hafi verið að koma úr sturtu hafi drengurinn boðist til að gera svolítið fyrir hann og tekið í getnaðarlim hans.

Vitnið kveðst telja þessi atvik hafa haft áhrif á A þó erfitt sé að fullyrða að þetta sé ástæða vanlíðunar hans. Hann hafi átt erfitt og sýnt viss streitumerki. Hann hafi pissað undir á tímabili, sofið illa og verið illa við að vera einn. Hann hafi reyndar alltaf átt við svefnörðugleika að stríða. Ástand hans hafi hins vegar lagast á síðustu mánuðum og vitninu þyki ekki ólíklegt að það tengist því að drengurinn hafi ekkert samneyti haft við ákærða. Hann kvarti ekki lengur yfir magaverkjum, þeir hafi aukist í janúar, eftir að þetta kom upp, en hann virðist hafa náð sér af þeim. Þá sé hann hættur að pissa undir. Aðspurt kveðst vitnið hafa fyllt sjálfsmatslista um drenginn út á Fjölskyldudeild [...] og kveðst minna að það hafi verið eftir að drengurinn var yfirheyrður í Barnahúsi.

Vitnið E er faðir drengjanna A og B. Hann kveðst hafa verið að koma úr sturtu og þurft að hjálpa A á klósettinu. Þá hafi drengurinn boðist til að gera svolítið fyrir

hann, tekið um getnaðarlim vitnisins og gert fróunarhreyfingar. Vitnið hafi stöðvað hann og spurt drenginn hver gerði svona og hann hafi svarað að það væri ákærði. Aðspurt um afleiðingar kveður vitnið A hafa verið hræddan á kvöldin og hafa fengið martröð. Vitnið kveðst hafa verið í skóla í Reykjavík í tvö ár og hafi því mikið verið í burtu og geti ekki svarað þessu vel.

Vitnið F ber að 4. eða 5. janúar sl. hafi komið upp grunur um að ákærði hefði brotið gegn A. Næsta mánudag eftir það kveðst vitnið hafa beðið ákærða að koma til sín og spurt hann hvort hann hefði gert C eitthvað. Ákærði hafi sagst hafa byrjað eitthvað en hætt við. C hafi þó vitað af þessu. Vitnið kveðst hafa farið til sálfræðings síns daginn eftir og hann hafi tilkynnt um þennan grun. Aðspurt kveður vitnið drenginn hafa farið að eiga erfitt með að sofna í nóvember eða desember 2006. Hann hafi kvartað undan verkjum í maga og öxl án þess að skýringar væru á þeim. Þetta hafi lagast í febrúar eða mars og hann eigi nú auðveldara með að sofna. Vitnið kveður sér líða mjög illa og þetta hafi fengið mikið á hana og vanlíðan hennar hafi mikil áhrif á drenginn. Drengnum gangi þó vel núna og hún reyni að koma honum til vinkonu sinnar eða eitthvað þegar henni líði illa. Aðspurt kveður vitnið ekkert annað hafa gerst í nóvember eða desember sem hafi getað valdið þessum streitueinkennum drengsins en hann hafi misst föður sinn níu mánaða gamall. Vitnið kveðst hafa byrjað hjá sálfræðingi í september 2006 vegna vanlíðunar en verið komin á nokkuð gott ról á þeim tíma sem drengurinn fór að sýna þessi einkenni. Aðspurt kveðst vitnið hafa fengið sjálfsmatslista um drenginn þegar hún hitti Ólöfu Ástu. Hún hafi verið með listann í um þrjár vikur og skilað honum þegar Ólöf kom næst.

Vitnið Baldur Gyfason sálfræðingur kveður ákærða hafa komið til sín þrisvar frá 1.-18. ágúst 2006. Eitthvað atvik hafi komið upp sem móðir ákærða hafði áhyggjur af og kvaðst vitnið telja að það hafi líklega verið um tveimur mánuðum áður en vitnið hitti ákærða.

Eins og að framan greinir voru teknar skýrslur af drengjunum A og C á dómþingi sem fram fór í Barnahúsi. Efnislega kemur fátt fram í skýrslunum um sakarefni máls þessa og þykir ekki ástæða til að rekja þær um fram það sem til þeirra er vitnað í niðurstöðu dómsins.

### III.

Í málinu liggur fyrir vottorð Ólafar Ástu Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðings í Barnahúsi, dags. 7. maí 2007, vegna fræðsluviðtala við A og móður hans. Kemur þar fram að hún hafi hitt móður drengsins þann 13. febrúar sl. í því skyni að fræða hana svo hún gæti frætt drenginn og veitt honum stuðning við hæfi. Móðir hans hafi skýrt frá því að drenginn dreymdi illa og fengi martraðir. Hann vildi ekki sofa einn og kysi að sofna í fangi móður sinnar á kvöldin. Hún hafi tvívegis farið með drenginn til læknis vegna magaverkja. Samkvæmt vottorðinu kom drengurinn í fræðsluviðtal til Ólafar Ástu þann 9. mars sl.

CBCL sjálfsmatslisti um atferli barna á aldrinum 1 ½ árs til 5 ára var lagður fyrir móður drengsins í fyrsta viðtalinu í því skyni að meta líðan hans og hegðun. Voru niðurstöður matsins þær að drengurinn væri oft vælinn, hefði áhyggjur, breyttist í

skapi og yrði ofsahræddur að ástæðulausu. Þá kom einnig fram að honum væri oft illt og fengi verki án læknisfræðilegra skýringa, borðaði lítið og ætti við svefnörðugleika að stríða. Í lokin segir:

„Vegna ungs aldurs drengsins koma fram miklar breytingar á líðan hans við það að verða fyrir áfalli. Traust hans var brotið og mikil vanlíðan kemur fram í allri hegðun hjá börnum sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi. Hins vegar geta ung börn verið fljót að ná betri líðan um leið og ofbeldinu sætir ekki lengur og verða á ný eins og þeim er tamt. Hins vegar má ætla að þegar A fær aukinn þroska, oft samhliða kynþroska, kemur önnur og dýpri mynd og skilningur á það ofbeldi sem hann varð fyrir og því er líklegt að hann þurfi á viðtalsmeðferð að halda þegar fram líða stundir.“

Einnig liggur fyrir vottorð Ólafar Ástu vegna fræðsluviðtala við C og móður hans, dags. 8. maí 2007. Fram kemur að Ólöf hafi hitt móður drengsins þann 13. febrúar sl. Hún hafi sagt ástandið hjá þeim erfitt. Drengurinn hefði sýnt miklar hegðunarbreytingar, hann væri hræddur við ýmis hljóð og gæti því ekki sofnað á kvöldin. Þá kvarti hann stöðugt um kviðverki. Drengurinn hafi komið í tvö fræðsluviðtöl til Ólafar Ástu, 9. mars og 12. apríl.

Móðir C skilaði inn CBCL sjálfsmatslista um hegðun og líðan barna á aldrinum 1 ½ árs til 5 ára. Samkvæmt niðurstöðum hans er drengurinn innan eðlilegra marka hvað varðar bæði líðan- og hegðunarþætti. Þó sé hann með hækkun á kvörðum um tilfinningaleg viðbrögð, kvíða eða þunglyndi og svefnvanda. Í lokin segir:

„Þar sem C er aðeins 3 ½ árs þegar undirrituð hittir hann þá eru merkjanleg viðbrögð hans augljós þegar rætt er um það sem X gerði honum. Skyndilegar hegðunarbreytingar gefa tilefni til að ætla að honum líði illa vegna reynslu sinnar. En sökum þess hversu ungur hann er að árum þá eru líkurnar á því að hann endurheimti fyrri líðan sína góðar þar sem komið hefur verið í veg fyrir að hann sé einn með X og tíminn vinnur með honum. Ekki er ólíklegt að hann þurfi á áframhaldandi meðferð að halda þegar hann kemst á unglingsárin og skilningur hans dýpkar í ofangreindu máli. Reynslan sýnir að börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi mjög ung þurfi úrvinnslu seinna meir.“

Vitnið Ólöf Ásta Farestveit staðfesti vottorð sín um fræðsluviðtöl vegna A og C. Vitnið kveður svo ung börn ekki koma í viðtalsmeðferð heldur aðeins fræðsluviðtal til að hindra að þau verði aftur fyrir slíkum brotum eða segi þá að minnsta kosti frá þeim. Hún kveður móður A hafa fyllt út sjálfsmatslista 13. febrúar 2007 og móður C þann 7. mars 2007. Aðspurt kveður vitnið engar sérstakar reglur um fyrirlögn prófsins enda lesi tölva út úr því og vinni niðurstöðurnar. Vitnið kveðst ekki telja að það skipti máli hvort því er svarað á staðnum eða sá sem svarar tekur það með sér heim og svarar því þar. Um framhald fyrir drengina kveður vitnið það ráðast mjög af aðbúnaði drengjanna og persónu þeirra. Viðbrögð barna geti verið mjög mismunandi og erfitt að segja til um hvort og þá hve mikla aðstoð þeir gætu þurft síðar. Þó sé mjög algengt að börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi svo ung upplifi atvikin á nýjan hátt þegar þau eldast og skilningur þeirra breytist og þau þurfi þá á áframhaldandi meðferð að halda. Þetta sé algengt á kynþroskaskeiði. Aðspurt kveður vitnið umkvartanir um líkamlega verki án læknisfræðilegra skýringa mjög

algenga hjá ungum börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Vitnið kveður C hafa verið athugulan og hugsí í fræðslunni en þegar hún hafi farið að ræða um „einkastaðinn“ hafi hegðun hans breyst skyndilega. Hann hafi orðið daufur og þungur, farið frá henni og ekki viljað tala við hana meir. Honum hafi greinilega líðið illa við þá umræðu. Vitnið kveður vel hugsanlegt að drengjunum líði betur um leið og þeir finna fyrir öryggi að nýju og þeir þurfi ekki að vera einir með ákærða. Aðspurt kveður vitnið skýrslur ekki teknar af börnum yngri en þriggja og hálfis árs því þau eigi erfitt með að muna aftur í tímann. Þriggja ára börn geti þó munað eftir áföllum, jafnvel munað eftir einhverju sem gerðist ári fyrr. Á fullorðinsárum muni menn yfirleitt ekki það sem gerist fyrir fjögurra ára aldurinn, menn muni þó frekar eftir áföllum sem þeir verða fyrir. Aðspurt kveður vitnið ekki víst að þeir A og C muni muna eftir þeim atvikum sem hér eru til umræðu þegar þeir eldast. Hugsanlega muni þeir gleyma þessu. Það ráðist mikið af umhverfi þeirra, hvort þeir eru minntir á þetta, hvort þeir fái tíma til að láta sér líða betur og hvort þeir verði fyrir svona aftur. Aðspurt kveður vitnið fleira en kynferðislegt ofbeldi geta valdið þeim einkennum sem lýst er hjá drengjunum, þetta séu algeng viðbrögð barna við áföllum og erfiðleikum af ýmsum toga. Vitnið kveður matið aðeins lýsa hegðun og líðan barnsins á þeim degi þegar það er fyllt út og í tvo mánuði á undan en ekki skýra af hverju vanlíðan stafar. Aðspurt kveður vitnið sér ekki kunnugt um áhrif líðunar þess sem svarar prófinu um barnið á niðurstöðurnar.

Þá liggur fyrir vottorð Þórarins Viðars Hjaltasonar sálfræðings, dags. 9. mars 2007, en Þórarinn hefur veitt ákærða sálfræðiaðstoð. Þegar vottorðið var skrifað hafði hann hitt ákærða fjórum sinnum og foreldra hans einu sinni. Í lok vottorðsins segir:

„Í svona meðferð er erfitt að fullyrða um árangur, hins vegar hefur X verið áhugasamur og viljugur að taka á sínum málum og fram hefur komið iðrun gagnvart þeim brotum sem hann er ákærður fyrir. Hann hefur tekið virkan þátt í viðtölum, sýnt góða framkomu og virst samstarfsfús. Að mínu mati er enn ekki komin reynsla á það hvort X hafi nýtt sér þau viðtöl sem hann hefur fengið en ekkert er þó sem bendir til annars en að svo verði.“

Vitnið Þórarinn Viðar Hjaltason hefur staðfest skýrslu sína hér fyrir dóminum. Kveður hann ákærða enn vera í meðferð hjá sér. Vitnið kveðst telja best að ákærði fái meðhöndlun í því umhverfi sem hann er í og ekki sé rétt að setja hann á meðferðarstofnun eða annað slíkt. Hugsanlega væri gott fyrir hann að fá tilsjónaraðila á [...], sérstaklega í því skyni að virkja hann félagslega. Aðspurt kveður vitnið hafa komið fram að ákærði iðrist brota sinna. Vitnið kveður meðferð á svo ungum einstaklingum sem séu tilbúnir til að taka á sínum málum almennt skila nokkuð góðum árangri. Hann kveður ákærða tilheyra þeim hópi, hann sé viljugur til að taka á sínum málum.

#### IV.

##### Ákæruliður 1.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi sem lýst er í ákærulið 1 en kveðst ekki viss um hvenær atvik urðu. Byggir sýknukrafa hans á því að þetta hafi hugsanlega verið fyrir 15 ára afmælið hans, þann [...], og hann því verið ósakhæfur. Við yfirheyrslu

lögreglu þann 24. janúar sl., kvaðst ákærði ekki viss um hvenær þetta gerðist en kvaðst telja að fyrra skiptið hefði verið í byrjun febrúar 2006 og það síðara hafi verið í sama mánuði.

Vitnið A skýrði mjög lítið frá atvikum við yfirheyrslu í Barnahúsi en játning ákærða á háttseminni fær stoð í því sem þar kom fram. Þykir því nægjanlega sannað að ákærði hafi framið brot það er hann er ákærður fyrir í þessum ákærulið. Hins vegar kom ekkert fram frá A um tímasetningu atvikanna er hann var yfirheyrður. Vitnið D, móðir A, kvaðst enga hugmynd hafa um hvenær þetta gæti hafa gerst. Ákærði hafi oft passað drengina fyrir hana.

Samkvæmt framansögðu nýtur ekki annarra gagna um tímasetningu brotsins en framburðar ákærða. Eins og framan greinir kveðst ákærði ekki viss um hvenær atvik samkvæmt þessum ákærulið gerðust og er það í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Er því ekki útilokað að ákærði hafi framið brotið áður en hann varð 15 ára og hafði ekki náð sakhæfisaldri. Ber því að sýkna ákærða er af þessum ákærulið.

-

## Ákæruliður 2.

Ákærði hefur einnig viðurkennt þá háttsemi sem lýst er í 2. ákærulið. Fyrir dómi kvaðst hann fyrst telja að þetta hafi gerst vorið 2005 en sagði svo að þetta hafi gerst fyrir áramótin 2005-2006. Hann kvað þetta hafa gerst á undan þeim atvikum sem lýst er í ákærulið 1. Byggir sýknukrafa hans á því að hann hafi ekki verið orðinn 15 ára þegar hann framdi brot sitt samkvæmt þessum ákærulið. Í skýrslu um yfirheyrslu ákærða hjá lögreglu segir svo um þetta brot: „Þá er X spurður út í tilvik er átti sér stað á heimili hans í fyrravor að talið er.“ Samkvæmt þessu virðist spyrjandi nefna tímamót og ákærði ekkert hafa verið spurður um tímasetningar og hvort þessi tiltekna tímasetning væri rétt.

G, móðir ákærða, skoraðist undan að bera vitni fyrir dómi vegna tengsla sinna við ákærða. Við yfirheyrslu hjá lögreglu, 24. janúar sl., skýrði hún frá atviki er hún sagði hafa gerst í „fyrravor“ sem vöktu hjá henni áhyggjur af ákærða. Hún kvaðst hafa leitað til Baldurs Gylfasonar sálfræðings vegna þessa og hefði ákærði farið til hans fjórum sinnum. Í gögnum málsins kemur ekki fram hvenær hún hafði samband við Baldur en hann kvað ákærða fyrst hafa komið til sín 1. ágúst 2006. Kvaðst hann telja að atvikið sem var tilefni komu ákærða hefði átt sér stað um tveimur mánuðum áður. Af framburði G fyrir lögreglu, sem ekki hefur verið staðfestur fyrir dómi og framburði Baldurs Gylfasonar, sálfræðings, hér fyrir dómnum verður ekki með neinni vissu ráðið hvenær brot ákærða var framið. Frásögn ákærða af atvikinu er í raun ekki studd neinum gögnum en ekkert er þó fram komið er gefi tilefni til að efast um að hann skýri rétt frá atvikinu. Framburður ákærða um tímasetningu atviksins er reikull. Vegna aldurs barnsins er ótrúverðugt að atvikið hafi átt sér stað í byrjun árs 2005 en aldur barnsins útilokar ekki að það hafi gerst fyrir áramót 2005-2006. Staðhæfingu ákærða um að atvikið hafi átt sér stað á undan þeim atvikum sem lýst er í 1. lið ákærunnar hefur ekki verið hnekkt. Að öllu framanskraðu virtu þykir nægjanlega sannað að ákærði hafi framið verknað þann er honum er gefinn að sök í þessum ákærulið en ekki er útilokað að hann hafi framið brotið áður en hann varð 15 ára og náði sakhæfisaldri.

Með vísan til framangreinds ber að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

### Ákæruliður 3.

Ákærði hefur viðurkennt brot sitt samkvæmt þessum ákærulið eins og því er lýst í ákærinni. Eins og að framan er rakið var C yfirheyrður á dómþingi er háð var í Barnahúsi. Í yfirheyrslunni tjáði C sig mjög takmarkað um atvik það er ákærði er ákærður fyrir í þessum ákærulið. Það sem fram kemur í yfirheyrslunni styður þó játningu ákærða. Þykir brot ákærða samkvæmt þessum ákærulið því nægjanlega sannað og varðar það við tilgreint lagaákvæði í ákæruskjali.

### V.

Samkvæmt ofangreindu er ákærði nú sakfelldur fyrir eitt brot, framið um mitt árið 2006, þegar hann var aðeins rúmlega 15 ára gamall. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga að brotið beindist að mjög ungum dreng, sem var í fjölskyldutengslum við ákærða og í umsjá hans. Hins vegar ber sérstaklega að líta til þess að ákærði var sjálfur barn að aldri er hann framdi brotið en hann hafði rétt náð sakhæfisaldri. Einnig þykir mega líta til þess að ákærði hefur leita sér aðstoðar og ekki er ástæða til að ætla annað en hann muni halda því áfram meðan þörf er talin vera á henni. Þykir mega vísa til vottorðs og framburðar Þórarins Viðars Hjaltasonar sálfræðings um framangreint en hann kvað ákærða iðrast brota sinna og vera áhugasaman og viljugan til að taka á sínum málum. Bar vitnið að meðferð á svo ungum einstaklingum sem vilja taka á málum sínum skili almennt nokkuð góðum árangri. Taldi hann æskilegast að ákærði fengi meðhöndlun í því umhverfi sem hann er í. Kvað hann geta verið gott fyrir ákærða að fá tilsjónaraðila á [...], sérstaklega í því skyni að virkja hann félagslega. Að öllu framangreindu athuguðu þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Með vísan til framburðar Þórarins Viðars þykir og rétt að ákærði sæti sérstakri umsjón samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í eitt ár frá uppkvaðningu dómsins.

### VI.

Af hálfu A og C er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða hvorum þeirra um sig miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. janúar 2007 til 14. apríl 2007, en dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Eins og áður greinir hefur ákærði viðurkennt þau brot sem honum eru gefin að sök gagnvart A. Með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra

mála verður ákærði dæmdur til að greiða A bætur þrátt fyrir að hann sé sýknaður af brotinu vegna sakhæfisskorts, enda þykja skilyrði bótaskyldu vera fyrir hendi. Þá hefur ákærði einnig bakað sér bótaskyldu gagnvart C með broti sínu gegn honum, sbr. 2. mgr. 172. gr. sömu laga.

Um andlega líðan drengjanna liggur fyrir framburður mæðra þeirra. Vottorð Ólafar Ástu Farestveit sem byggja alfarið á lýsingu mæðranna á hegðun þeirra og líðan. Ljóst er að verknaður ákærða var til þess fallinn að valda drengjunum sálrænum erfiðleikum og verður því að telja að drengirnir eigi rétt til miskabóta úr hendi ákærða. Við ákvörðun um fjárhæð bóta verður hins vegar að líta til þess að það er alls óvíst að verknaðurinn muni hafa varanleg áhrif á drengina. Mæður drengjanna sögðu ástand þeirra hafa batnað og kvað vitnið Ólöf Ásta hugsanlegt að líðan þeirra batni um leið og þeir finna aftur til öryggis og þurfi ekki að vera einir með ákærða. Þá bar vitnið Ólöf Ásta einnig að á fullorðinsárum myndu menn yfirleitt ekki það sem gerðist fyrir fjögurra ára aldurinn. Hugsanlega myndu drengirnir ekki muna eftir þessum atvikum og það væri mikið undir umhverfi þeirra komið hvort þeim tækist að gleyma þeim. Að öllu framangreindu virtu þykja miskabætur til hvors drengjanna hæfilega ákveðnar kr. 600.000- ásamt vöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Afstaða verður tekin til þóknunar lögmanns við ákvörðun um þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola.

Samkvæmt gögnum sem framvísað hefur verið í dóminum liggur fyrir sakarkostnaður að fjárhæð kr. 49.770- sem er ferðakostnaður verjanda og réttargæslumanns. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Rúnars Ólafssonar hdl. þykja hæfilega ákveðin kr. 450.000- samtals á rannsóknarstigi og fyrir dómi og er virðisaukaskattur þar innifalinn en af þeirri fjárhæð hefur hann þegar fengið greiddar kr. 181.286-. Samtals nemur framangreindur sakarkostnaður kr. 499.770- sem rétt þykir með hliðsjón af úrslitum málsins að dæma ákærða til að greiða að hálfu en að hálfu verði kostnaður þessi greiddur úr ríkissjóði.

Dæma ber ákærða til greiðslu réttargæsluþóknunar skipaðs réttargæslumanns A og C, Elísabetar Sigurðardóttur hdl., bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu og lögmæltu hlutverki réttargæslumanns kr. 350.000- og er virðisaukaskattur innifalinn.

Uppkvaðning dómsins hefur tafist lítillega vegna anna dómarsins.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson, dómstjóri.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákvörðun um refsingu ákærða X er frestað og skal hún falla niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá sæti ákærði í eitt ár frá uppsögu dómsins umsjón samkvæmt 1. töl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A kr. 600.000- ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. janúar 2007 til 14. apríl 2007 en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C kr. 600.000- ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. janúar 2007 til 14. apríl 2007 en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Sakarkostnað kr. 499.770- þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Rúnars Ólafssonar hdl., kr. 450.000- greiði ákærði að hálfu en að hálfu greiðist framangreindur sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns A og C, Elísabetar Sigurðardóttur hdl., kr. 350.000.